

Nd.

420. Frumvarp til laga

[222. mál]

um breytingu á lögum nr. 97/1976, um Framkvæmdastofnun ríkisins.

Flm.: Jón Baldvin Hannibalsson, Jóhanna Sigurðardóttir.

1. gr.

Við lögina bætist 39. gr., svohljóðandi:
Lög þessi falla úr gildi 31. des. 1983.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

1. Það er yfirlýst stefna Alþýðuflokksins, að leggja beri niður Framkvæmdastofnun ríkisins. Samkvæmt blaðafregnum hefur þeirri stefnu nú bæst liðsauki úr óvæntri átt. 19. febrúar hefur DV það eftir blaðinu Suðurlandi, að á fundi á Selfossi hafi Sverrir Hermannsson alþm. og forstjóri Framkvæmdastofnunar ríkisins sagt, að „réttast væri að loka Framkvæmdastofnun ríkisins fram yfir kosningar. Ástæðurnar væru þær, að Framsóknar- og Alþýðubandalagsráðherrar væru að slá kosningavíxla, sem sennilega væru upp á 100 millj. kr., í erlendum lánnum. Með lokun stofnunarinnar væri hægt að koma í veg fyrir þá óráðsúeyðslu, sem virtist standa fyrir dyrum til andlitslyftingar ráðherrunum.“ Í viðtali við sama blað staðfestir forstjórinn að rétt sé með farið.

Hér er um svo alvarlegt mál að ræða, að sjálfsagt væri fyrir fjárhags- og viðskiptanefndir Alþingis að efna til sérstakrar rannsóknar á því, hvort þessar ásakanir forstjórans hafa við rök að styðjast. Hefðu tillögur stjórnarskrárnefndar um aukið valdsvið og verkefni þingnefnda til eftirlits með framkvæmdavaldinu nú tekið gildi, væri mál af þessu tagi sjálfsagt viðfangsefni þingnefnda.

Í tillögum um efnahagsmál, sem settar voru fram í nafni Alþýðubandalagsins á s. l. sumri, í tilefni af setningu bráðabirgðalaga ríkisstjórnarinnar í ágúst 1982, var lagt til (liður 12) að Framkvæmdastofnun skyldi lögð niður og Bygðasjóður gerður sjálfstæður. Þannig virðist þeirri stefnu Alþýðuflokksins, að leggja beri niður Framkvæmdastofnun og breyta öllu stýrikerfi fjárfestingar, hafa vaxið mjög fylgi að undanfögnu. Þegar forstjóri stofnunarinnar leggur síðan til að henni verði lokað, er óhjákvæmilegt að láta á það reyna, hvort meiri hluti Alþingis vill ekki taka hann á orðinu. Þetta frumvarp er flutt í því skyni.

2. Íslendingar verja háum hundraðshluta þjóðartekna sinna til fjárfestingar. Vegna lítillar og rýrnandi sparifjármyndunar með þjóðinni er fjárfestingin að stærstum hluta fjármögnuð með erlendum lántökum. Allir viðurkenna, að þegar erlendar skuldir til langs tíma nema um helmingi árlegrar þjóðarframleiðslu og um þriðjungur gjaldeyrstekna fer til greiðslu afborgana og vaxta af erlendum lánnum, þá er efnahagslegu sjálfstæði þjóðarinnar stefnt í hættu. Sérstaklega á þetta við þegar spáð er samdrætti þjóðarframleiðslu og þjóðartekna. Sýnu verst er þó, að allt of stórum hluta erlendra lána hefur verið varið til arðlausrar fjárfestingar eða til að standa straum af hallarekstri opinberra stofnana og fyrirtækja. Það eru lykilatriði bættrar hagstjórnar að efla innlendan sparnað með raunávöxt-

un sparifjár og láta strangt arðsemimat ráða því, hvar takmarkað fjárfestingarfé skilar mestum arði fyrir þjóðarbúið. Til þess að þetta megi verða þarf nýtt stýrikerfi fjárfestingar. Liður í því er að leggja niður Framkvæmdastofnun, létta af forræði ráðherra og alþingismanna í atkvæðaleit yfir úthlutun fjárfestingarlána og taka upp ný og betri vinnubrögð við mótn bygðastefnu.

3. Í því efni skal minnt á frumvarp til laga um mörkun bygðastefnu og gerð bygðapróunaráætlana, sem 7 þingmenn Alþýðuflokksins í neðri deild lögðu fram á 104. löggjafarþingi 1981 (97. mál). Þar er gert ráð fyrir því, að gerð bygðaaætlana færist inn í félagsmálaráðuneyti. Jafnframt er ráðgert að Alþingi afgreiði slíkar bygðaaætlanir, og beri þá ábyrgð á fjárveitingum til þeirra, með líkum hætti og vegáætlanir eru nú afgreiddar. Bygðasjóð á ekki að reka sem almennan lánasjóð, þaðan af síður sem eins konar viðbótarlánasjóð. Ef meiri hluti Alþingis tekur ákvörðun um sérstakar aðgerðir og fjárframlög til eflingar einstakra bygðarlaga, ber að gera það með almennum aðgerðum sem beinast að grundvallarþáttum bygðapróunar, t. d. bættum samgöngum, aukinni þjónustu eða almennri eflingu lífvænlegra bygðakjarna. Þyki sérstök ástæða til að greiða niður fjármagn í þessu skyni, ber að gera það fyrir opnum tjöldum og á ábyrgð meiri hluta Alþingis.

4. Um uppsagnarfrest starfsmanna Framkvæmdastofnunar og forgangsrétt þeirra til starfa, sem losna hjá hinu opinbera, gilda ákvæði laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Þetta á þó ekki við um forstjórana, sem hafa 12 mánaða uppsagnarfrest samkv. lögum um Framkvæmdastofnun.

5. Þess er vænst, verði þetta frumvarp samþykkt, að ríkisstjórnin leggi fram frumvarp til laga um ráðstöfun eigna og skulda Framkvæmdasjóðs og Bygðasjóðs. Verði það ekki eru flutningsmenn þessa frumvarps reiðubúnir að leggja fram tillögur um það efni, þ. á m. í hvaða ríkisbönkum sjóðirnir verði framvegis vistaðir og hvaða ríkisstofnanir fái núverandi húsakynni Framkvæmdastofnunar við Rauðarárstíg til afnota.